

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 65% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við cif. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegssráðuneytið, 18. september 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Grindavík.

1. gr.

Félagsmálaráð í umboði bæjarstjórnar fer með stjórn heimilisþjónustunnar í Grindavík. Dagleg umsjón með framkvæmd hennar er í höndum bæjarstjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis eða ljósmóður eða öðrum tilvísunum, sem félagsmálaráð metur gildar, að hjálpar sé þörf vegna elli, sjúkdóma, slysa eða af öðrum orsökum. Hjálpin veitist þann tíma sem félagsmálaráð ákveður hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi:

1. Aðstoð við aldraða og sjúka í þeim tilgangi, að þeir geti dvalið sem lengst í heimahúsum.
2. Aðstoð við fatlaða sem búa einir og aðstoð við mæður með fötluð börn.
3. Önnur tilfelli sem metin eru hverju sinni.

3. gr.

Heimilisþjónustan skal leitast við að hafa jafnan einn mann tiltækan við heimilisþjónustu.

4. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkur ákveður launakjör starfsmanna heimilisþjónustunnar.

5. gr.

Fyrir heimilisþjónustuna skal greitt eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn Grindavíkur setur og ráðherra staðfestir. Heimilt skal vera að víkja frá gjaldskrá þessari til lækkunar, er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, sem félagsmálaráð metur gildar.

6. gr.

Skrifstofa Grindavíkurkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar. Skulu reikningar endurskoðaðir árlega, með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

7. gr.

Félagsmálaráð gerir árlega skýrslu um starfsemi heimilisþjónustunnar og leggur hana fyrir bæjarstjórn fyrir 1. febrúar ár hvert.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Grindavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

Fyrir þilfarsskip minna en 15 rúml.	kr. 9 400
Fyrir þilfarsskip 15 brl. allt að 30 brl.	— 14 100
Fyrir þilfarsskip 30 brl. allt að 50 brl.	— 18 800
Fyrir þilfarsskip 50 brl. allt að 100 brl.	— 23 600
Fyrir þilfarsskip 100 brl. allt að 200 brl.	— 33 000
Fyrir þilfarsskip 200 brl. allt að 300 brl.	— 40 000
Fyrir þilfarsskip 300 brl. allt að 500 brl.	— 47 000
Fyrir þilfarsskip 500 brl. allt að 800 brl.	— 56 600
Fyrir þilfarsskip 800 brl. allt að 1200 brl.	— 59 000
Fyrir þilfarsskip 1200 brl. allt að 2000 brl.	— 70 700
Fyrir þilfarsskip 2000 brl. allt að 5000 brl.	— 82 500
Fyrir þilfarsskip 5000 brl. og stærri	— 94 300
Hálf rúmllest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.	

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greitt hálf gjald samkvæmt þessari grein, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða, ella greiðist gjaldið að fullu.

2. gr.

Aukaskoðun.

Fyrir aukaskoðun, hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra skips eiganda þess eða siglingamálastjóra, skal greiða samkvæmt reikningi hans fyrir útlögðum kostnaði. Siglingamálastjóra er heimilt að leggja 30% á kostnaðinn að undanskildum ferðakostnaði. Fari fram öxulskoðun utan aðalskoðunar telst hún aukaskoðun.